

# Þjóðleiðir við klausturstaði á kaþólskum tíma



Helga Jónsdóttir  
Steinunn Kristjánsdóttir

Kortlagning klaustra á Íslandi  
Reykjavík 2015

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
1. Vegir við klaustur í Skálholtsumdæmi.....	3
Skriðuklaustur (1493-1554) .....	3
Kirkjubæjarklaustur (1186-1542).....	3
Þykkvabæjarklaustur (1168-1548) .....	4
Keldur (1193-~1222) .....	5
Viðey (1226-1539) .....	6
Bær í Bæjarsveit (1030-1049).....	6
Hítardalur (1166-1207) .....	7
Flatey (1172-1184).....	8
Helgafell (1184-1550).....	8
2. Vegir við klaustur Hólabiskupsstóls .....	9
Þingeyrar (1133-1551) .....	9
Reynistaður (1295-1551).....	10
Möðruvellir (1296-1550).....	10
Munkaþverá (1155-1550).....	11
Saubær í Eyjafirði (1200-1224) .....	11
Niðurstöður.....	11
Heimildir .....	13
Myndaskrá.....	14

*Forsíðumyndin sýnir gamla leið um Munkaskörð rétt fyrir sunnan Helgafell á Snæfellsnesi. Myndin er tekin í suður (ljósm. Helga Jónsdóttir, 2014)*

## Inngangur

Tilgangur með þessari athugun er að skoða hvernig klausturstaðirnir á Íslandi voru staðsettir í samhengi við samgöngur. Aðalmarkmiðið var að kanna hvort klaustrunum hafi verið valinn staður þar sem þjóðleið var og hafi þá verið mikilvægir aðilar sem samgöngumiðstöðvar. Möguleiki er líka að þjóðleiðirnar hafi komið eftir að klaustrin voru byggð. Í Samheitaorðabók stendur að þjóðleið merki: *aðalvegur, alfaraleið, alfaravegur, almenningsgata, almenningsleið, þjóðbraut, þjóðleið* (Svavar Sigmundsson, 2012). Er þá merkingin sú að leiðin hafi legið frá einum mikilvægum stað til annars og það sem lá við þjóðleið hafi gegnt mikilvægu hlutverki fyrir ferðafólk. Verkefnið er unnið sem hluti af stærra verkefni sem er undir stjórn dr. Steinunnar Kristjánsdóttur. Það heitir Kortlagning klaustra á Íslandi sem er rannsókn sem miðar að því að skrá minjar klaustranna sem voru rekin hér á kaþólskum tíma.

Ýmsir hafa haft áhuga í gegnum tíðina á að finna fornar leiðir. Þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson sem voru á ferð um landið um miðja átjándu öldina, fjalla nokkuð um leiðir sem notaðar voru á þeim tíma. Þá nefna þeir leiðina yfir hálendið, en Sprengisandsleið hefur greinilega ekki verið notuð mikið þá. Töldu þeir að leiðin þar sé týnd að mestu vegna þess að hún væri ekki notuð lengur. Voru þeir þeirrar skoðunar að það væri mikill skaði fyrir landsmenn (Eggert Ólafsson, 1981, bls. 4).

Í yfirlitinu sem fer hér á eftir er gerð tilraun til að ná yfirsýn yfir hvernig klaustrin voru staðsett í tilliti til ferðafólks. Klausturstöðunum er skipt í tvo kafla eða eftir því hvaða biskupsstól þeir tilheyrðu. Innan hvors kafla er þeim raðað frá austri til vesturs. Byrjað er á austasta klaustri í umdæmi Skálholtsbiskupsstóls og farið suður fyrir í vesturátt og hringinn.

# 1. Vegir við klaustur í Skálholtsumdæmi

## Skriðuklaustur (1493-1554)

Vegir lágu á Suðausturlandi líkt og annars staðar, nokkuð ólíkt því sem þeir liggja í nútímanum. Yfir Vatnajökul var hægt að fara á nokkrum stöðum áður en leiðirnar lokuðust. Yfir hann var farið allt frá landnámstíma og til loka 16. aldar. Þeir sem komu úr Fljótsdal, þar sem Skriðuklaustur stendur, komu að Brúarjökli sunnan við Snæfell og upp á jökul vestan við Eyjabakkajökul. Síðan austan á Breiðubungu um svo kallaða Norðlingalægð og að sporði Skálafellsjökuls ef fara átti í Suðursveit. Einnig var hægt að fara til suðausturs ef fólk var að fara á Mýrar við Hornafjörð (Helgi Björnsson, 2009, bls. 243). Klaustrið á Skriðu eignaðist land í Borgarhöfn í Suðursveit þar sem voru Hálsaós og Hálsahöfn. Þarna var helsta verstöð á Suðursveit og var sótt af fólki af Norður- og Austurlandi (Steinunn Kristjánsdóttir og Gísli Kristjánsson, 2010, bls. 100).

Í ferðabók sinni tala Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson um að vegur hafi legið úr efstu bæjum Fljótsdalshéraðs norðan jökla til Þingvalla. Þessi leið hafi verið stutt og greið (Eggert Ólafsson, 1981, bls. 87). Skriðuklaustur virðist hafa legið við þjóðleið en staðurinn stendur í röð bæja sem liggja inn Fljótsdalinn. Í sóknarlýsingu frá 1840-1841 er sagt að alfaravegir liggja út og fram bæja á milli eftir bæjaröðinni. Vöð hafa verið þar nálægt en í sóknarlýsingunni er farið yfir árnar Jökulsá og Kelduá undan Skriðuklaustri (Finnur N. Karlsson o.fl., 2000, bls. 145).


## Kirkjubæjarklaustur (1186-1542)

Leiðir í kringum Kirkjubæjarklaustur hafa líklega breyst talsvert mikið við hraunið sem rann í Skaftáreldunum 1783–1784. Farvegur Skaftár breyttist og þurfti fólk að finna nýjar leiðir til að komast yfir eða í kringum Eldhraunið. Ekki er vitað með vissu hvernig þjóðleiðir voru á miðöldum í kringum Kirkjubæjarklaustur. Í Svínfellingasögu er talað um leið sem lá um hvamm rétt austan við Kirkjubæ og hefur leiðin legið þar um í austur. Þar ræðst Ögmundur á tvo syni Orms Jónssonar og myrðir eftir að annar þeirra, Sæmundur hafði tekið við goðorði að föður sínum látnum (Sturlungasaga II, 1946, bls. 88). Á svipuðum stað er Ebenezer Henderson á ferð 1814 þegar hann lýsir vegi sem hann fór um og lá rétt við Kirkjugólf (Henderson, 1957, bls. 186), sem er stuðlabergssvæði austan við Kirkjubæjarklaustur.

Auk þess að fólk fór á hestum yfir árnar var bátur notaður til að fara yfir Skaftá við Kirkjubæ, eða þannig var það eftir Skaftárelda. Í bréfi frá séra Jóni Steingrímssyni til Finns Jónssonar biskups frá 1779, sem til er í skjalasafni Skálholtsstóls, koma fram áhyggjur hans af bát sem notaður var til að ferja fólk yfir Skaftá við Kirkjubæjarklaustur. Bátinn segir Jón kallaðan „kirkjubátinn“ sem sé kæna sem mun ekki vera öruggan í vondum veðrum og þegar vöxtur sé í ánni (Þórður Tómasson, 2011, bls. 146). Ekki er hægt að fullyrða hvort Jón hafi fengið endurnýjaðan bátinn þarna nokkrum árum síðar en hann segir í sjálfsævisögu sinni frá sínum eiginn veiðibát sem hann lánar til að ferja fólk sem kemur austan frá Síðu (Jón Steingrímsson, 1973, bls. 378). Auk þess að fara á bát yfir þurfti að komast á vaði. Leiðirnar í kringum Kirkjubæjarklaustur eru margar og hefur fólk miðað við hver áfangastaðurinn var hvaða vöð það notaðist við. Alfaravegur hefur ekki alltaf legið um Kirkjubæ en í sóknarlýsingu Páls Pálssonar á Kirkjubæjarklaustursókn frá því um miðja 19. öld er vegum lýst þannig að úr austurátt er farið fram hjá Orustustöðum, hjá Sléttabóli og yfir Skaftá hjá Uppsölum (eyðibýli um 7 km suðaustan við Kirkjubæjarklaustur) (Jón Aðalsteinn Jónsson o.fl., 1997, bls. 192).

### Þykkvabæjarklaustur (1168-1548)

Í sýslulýsingu frá 18. öld kemur fram að greinilega hefur verið erfitt með land vegna flóða í kringum Þykkvabæjarklaustur, en þá hefur áin Kúðafljót gert mikinn skaða sérstaklega á jörðinni (Bjarni Guðnason, 1957, bls. 29). Fljótið hefur verið erfitt yfirferðar allavega eftir Skaftárelda en Ebenezer Henderson segir frá því að Kúðafljóts hafi verið djúpt og botninn fullur af leðju (Ebenezer Henderson, 1957, bls. 187-188). Sýslulýsing var gerð á Austur-Skaftafellssýslu í kringum 1840 af Magnúsi Stephensen, sem var sýslumaður Skaftfellinga og bjó í Höfðabrekku í Mýrdal. Hann segir alfaravegin hafa legið um Mýrdalssand í austur. Þegar honum lýkur um Álftaver er farið fyrir norðan bæina Herjólfstaði og Holt og svo yfir Kúðafljót þar sem vöð eru best. Þegar komið var yfir fljótið var farið í norður fyrir ofan bæinn í Efri-Ey (mynd 1) (Jón Aðalsteinn Jónsson o.fl., 1997, bls. 19). Í sóknarlýsingu Sveins Benediktssonar prests í Þykkvabæjarklaustri er leiðin samhljóðandi og áður; frá Kúðafljóti milli Herjólfstaða og Holts til vesturs út í Höfðabrekkusókn í Mýrdal (Jón Aðalsteinn Jónsson o.fl., 1997, bls. 19, 222). Efri-Ey stendur á móts við Þykkvabæjarklaustur sem er vestan við Kúðafljót. Á sem heitir Landbrotsá rennur rétt fyrir austan Þykkvabæjarklaustur og sameinast Kúðafljóti þar fyrir sunnan sem og áin Skálm sem rennur saman við Kúðafljótið norðaustan við Þykkvabæjarklaustur en er austar en Landbrotsáin.




Mynd 1. Kort sem sýnir gömlu þjóðleiðina (brotalínur) yfir árnar milli Pykkvabæjarklausturs og Efrieyjar í Medallandi (LMI Atlaskort)

## Keldur (1193-~1222)

Í bók Helga Þorlákssonar (1989) *Gamlar götur og goðavald* talar hann um fornar leiðir og völd Oddaverja í Rangárþingi en einmitt einn Oddaverja, þ.e. Jón Loftsson, stofnaði klaustrið að Keldum á Rangárvöllum eftir að hann hafði náð jörðinni undir sig (Helgi Þorláksson, 1989, bls. 98). Keldur voru eitt af stórbýlum í Rangárvallasýslu sem lágu í alfararleið og við vegamót. Þau voru þess vegna mikilvægar samgöngumiðstöðvar (Helgi Þorláksson, 1989, bls. 100). Í sýslu- og sóknarlýsingu sem gerð var um 1840 var farið yfir Þjórsá við Svínhaga og síðan um Kot og Dagverðarnes til Knafahóla og Keldna samkvæmt sóknarlýsingu Jóhanns Björnssonar prests að Keldnaþingum.

Yfir Rangá ytri var farið á tveimur stöðum ef farið var til Keldna. Annars vegar var farið yfir hjá Þingskálum austur yfir Víkingslækjarhraun hjá Steinkrossi og suður hjá Knafahólum yfir Keldnahraun og yfir að Keldum. Þegar var farið yfir hjá Þingskálum var hægt að fara suður yfir Víkingslækjarhraun hjá Reyðarvatni og Stokkalæk og yfir Rangá ytri á Tunguvaði eða Hestaþingshólsvaði. Hins vegar ef komið var úr suðurátt var farið yfir Ytri-Rangá á Ægissíðuvaði hjá Kirkjubæ austur að Keldum. Ef farið var í austur frá Keldum var farið yfir Rangá eystri á Tunguvaði hjá Tungu að Velli í Breiðabóls[staðar]sókn. Leið þeirra sem komu til eða frá Skaftártungu lá einnig um Keldur. Þá var farið frá Keldum austur hjá Fossi inn

Lambadal á veg yfir fjöllin (sem kallað er á fjallabaki) og komið í Fljótastaði í Skaftártungu (Árni Böðvarsson, 1968, bls. 156-157). Þessar leiðir má sjá betur á mynd 2.



Mynd 1. Leiðir um Keldur á 13. öld

## Viðey (1226-1539)

Ekki er mikið að segja um samgöngur í Viðey þar sem það er eyja. Klaustur í Viðey starfaði í rúm 300 ár svo ekki virðast samgöngur hafa háð starfsemi þess. Á fyrri öldum var eflaust einfaldara að sigla heldur en að fara landleið, þar sem eingöngu var möguleiki á að ganga eða fara á hestum í landi.

## Bær í Bæjarsveit (1030-1049)

Klaustrið eða munklífið eins og það var kallað sem var starfrækt í Bæ, var fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Í sóknarlýsingu Hvanneyjar- og Bæjarþings frá 1840 virðist Bær ekki vera á þeim tíma í þjóðleið en vissulega í grennd við hana til og frá vaðinu á Hvítá. Í lýsingunni segir að

*alfaravegur í og úr sóknunum liggur yfir Hvítá á Langholtsvaði, upp með Flókadalsá og svo eftir Varmalækjarmelum. Þessi leið er nálægt Bæ og hugsanlegt að hún hafi legið þar um á fyrri tímum. Önnur leið yfir í Reykholtisdal er einnig nálægt Bæ í Bæjarsveit en hún liggur „af alfaraveginum á Varmalækjarmelum, yfir Flókadalsá, upp til Reykholtisdals“. Aðrar leiðir eru ekki Leiðin í suður frá svæðinu nálægt Bæ lá um Mannamótsflöt, annar til landsuðurs yfir hálsinn að Andakílsá þar sem hún fellur úr Skorradalsvatni, yfir hana, fram með vatninu að sunnanverðu að Stóru-Drageyri og þar upp á Dragann til Svínadals. Þetta er landvegur til Reykjavíkur. Hinn liggur neðar upp á Hestsháls og skiptist þar enn á ný, liggur önnur gatan yfir Andakílsá, upp á Skarðsheiði, milli Efrahrepps og Horns, að Leirá (Guðrún Ása Grímsdóttir o.fl., 2005, bls. 257-258)*

### Hítardalur (1166-1207)

Í Sturlungu kemur fram að um Hítardal hafi leiðin úr Dölum legið, um Svínabjúg eða Svínabjúgsdal, að Stafholti (Helgi Þorláksson, 1989, bls. 14). Þá hefur Hítardalur legið við alfaraleið þeirra sem voru að koma eða fara í Dalina. Einnig segir Árni Magnússon í upptalningu sinni á heiðum og víkum að farið var um Svínabjúg fram frá Selárdal í Hörðadal ofan í Hítardal (Árni Magnússon, 1955, bls. 86). Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson segja þessa leið liggja um Svínabjúgsheiði sem er fjallvegur milli Hítardals og dalanna við Breiðafjörð (Eggert Ólafsson, 1974, bls. 49).

Sýslulýsing um Mýra- og Hnappadalssýslu frá 1840 er talin hafa verið skrifuð af Þórarni Kristjánssyni skrifara sýslumanns. Leið í vestur frá Hítardal sem lá hjá Eldborg er lýst í henni svo:

„Frá Hraundal liggur vegurinn vestur yfir Svarfhólsmela og yfir hraunið fram hjá Staðarhrauni vestur yfir Hítará og frammeð Skógafjalli, yfir Garðamela og Eldborgarhraun fyrir ofan borgina; sá vegur heitir Eldborgargata og liggur hún allt út að Stórahrauni hvar hraunið endar“ (Guðrún Ása Grímsdóttir o.fl., 2005, bls. 23).

Í sömu bók er lýsing á Hítardalssókn gerð af séra Þorsteini Hjálmarsen í Hítardal:



„Alfaravegur milli Staðarhrauns og Hítardals er upp með þessari á [Stekká] og verður oftast yfir hana að fara. En alfaravegur vestur yfir liggur á þessara sókna takmörkum frá Þingmannahól yfir hraunið og svo Hítará fyrir neðan Bælistána og úteftir Sandengi svo fyrir ofan túnin á Moldbrekku, Syðri- og Ytriskógum, svo norður með fjallinu og yfir Dammagötu og síðan yfir Kaldá... Fjallvegur liggur héðan fram með Bæjarfellinu og norður yfir Bjúg til Dalasýslu. Eru hérna megin nærstir bæir Hítardalur að sunnanfram en Hróbjargarstaðir vestanfram“ (Guðrún Ása Grímsdóttir o.fl., 2005, bls. 143).

Þegar Konrad Maurer ferðaðist um þetta svæði sumarið 1858 fer hann, og fylgdarlið hans, úr Hítardal og sneiðir fram hjá hrauninu Staðarhrauni og hélt sig upp við fjallið og krækir fyrir dalsmynni. Hann og fylgdarlið hans þurftu að fara yfir hrauntungu sem var ill yfirferðar og yfir grýtta Grjótáanna. Síðan yfir Svarfhólmúla. Komu síðan að öðru dalsmynni sem Álftá kemur úr (Konrad Maurer, 1997, bls. 317-318).

### Flatey (1172-1184)

Þegar fjallað er um samgöngur við Flatey er vert að skoða hvaðan siglt var frá landi og aðstæður á hverjum stað. Þegar Konrad Maurer er að ferðast um Ísland 1858 fer hann [líklega frá Skarði] til Flateyjar á sexæringi ásamt áhöfn sem samanstóð af fjórum körlum og tveimur konum. Með honum voru einnig Guðbrandur Vigfússon og Pétur Sigurðsson sem var fylgdarmaður Maurer á Íslandi (Konrad Maurer, 1997, bls. 230).

### Helgafell (1184-1550)

Frá lokum 13. aldar allavega og fram á 16. öld hefur verið verslunarstaður í Grunnasundsnesi sem er fyrir norðan Helgafell og stendur við mynni Nesvogar sem er austan á Þórsnesi. Seinna, eða á tímum Hansakaupmanna, varð verslunarstaður á vestanverðu nesinu á Búðarnesi við Stykkishólm (Þorleifur Jóhannesson, 1925-26, bls. 48). Kaupmenn frá Aldenburg sem var hertogadæmi nálægt Bremen versluðu þarna sem og í Kumbaravogi og Grundarfirði. Þessir kaupmenn voru í mikilli samkeppni við Hansakaupmenn (Ásgeir Ásgeirsson o.fl., 1992, bls. 67). Leiðir á nesinu lágu í tengslum við verslunarstaðina. Forn vegur lá frá Kerlingarskarði um Arnarstaði um Hofsstað út um Haugsnes og út á Skálaholt. Þar yfir blautt mýrlendi á grjótbrú sem kallaðist Norðlingabru, síðan áfram norður of ofan í Búðarnes. Önnur eða nýrri leið lá um

Munkaskörð sem eru í landi Helgafells. Þorleifur Jóhannesson 1924 lýsingu á sveitinni: „Síðan hefur vegurinn verið færður og legið ofan nesið innanvert; inn með Vigrafirði [nú Sauravogur] um Munkaskörð, gegnum túnið á Helgafelli ofan að Mjóafirði [nú Nesvogur] og ofan með honum vestanvert.“

Í sóknarlýsingu frá 1842 eftir séra Jóni Guðmundssyni. Hann var prestur á Helgafelli frá 1838 til 1844 er hann lést. Þá lá leiðin við Helgafell þegar farið var í Stykkishólm og bæina fyrir norðan Helgafell. Úr suðri var komið fyrir „ofan“ bæinn Hóla og yfir hjá Saurum og Helgafelli ofan í Stykkishólm. Um leiðina til suðurs og í Staðarsveit og Miklaholtshrepp segir hann að:

„Út af þessum vegi milli Helgafells og Saura, fyrir neðan Saurasíki, liggur vegur í suður upp yfir Gríshólsá, með austari bakka Bakkár, þar til ofarlega er yfir hana farið, fyrir neðan svonefnd Stórholt. Þá liggur hann eftir þeim að Grettistaki, sem stendur undir Kerlingarfjalli“.

Síðan lýsir hann hvernig er farið yfir við fjallið Kerlingarfjall. Farið var milli þess að austan og Rauðukúlu og Hafrafells að vestan, upp á fjallið. Síðan þegar upp á fjallið er komið, á söndum fyrir sunnan svonefnd Dys skiptist vegurinn til austurs og vesturs. Sá eystri liggur eftir Hjarðarfellsdal ofan í Miklaholtshrepp. Sá vestari yfir Dufgusdal og þaðan yfir háls ofan svonefnt Djúpagil til Staðarsveitar (Svavar Sigmundsson o.fl., 1970, bls. 199).

## 2. Vegir við klaustur Hólabiskupsstóls

### Þingeyrar (1133-1551)

Sýslulýsing um Húnavatnssýslu var gerð árið 1840 af Birni Auðunnarsyni Blöndal sýslumanni sem bjó í Hvammi í Vatnsdal. Hann segir um leiðir í sýslunni að alfaravegur liggir úr Skagafjarðarsýslu yfir Stórvatnsskarð, ofan frá Gili „...þaðan vestur yfir Blöndu norðan til í Blöndudalnum, sé hún þar fær, og svo vestur yfir Ásana austan og norðanvert við Svínavatn...“ Vegurinn liggur síðan vestur yfir Þingið [þar sem Þingeyrar eru á] og fram Víðidal (Jón Eyþórsson, 1950, bls. 4). Nánari lýsing er í sömu bók um sóknina en séra Jón Pétursson í í Steinnesi gerði hana 1840. Segir hann að alfaravegur liggir „með Hópinu fyrir norðan Refsteinsstaði og Miðhóp, annar liggur hjá Enniskoti að Miðhópi. Litlu norðar koma þeir

saman. Liggur sá vegur austur hjá Hólabaki, yfir svonefnda *Hólabakskéldu*, í gegnum Vatnsdalsdhóla, yfir um Vatnsdalsá á Skriðuvaði og út hjá Öxl, [um] svokallaða Axlarbala og út að Giljá, svo út hjá Kringlu og Skinnastöðum eða upp Giljarmela á Reykjabraut upp að Reykjum. Annar alfaravegur liggur frá Miðhópi og austur á melana milli Steinness og Haga og svo út *Ásagötur* vestan Þingeyra og yfir um Húnavatn hjá Geirastöðum“ (Jón Eyþórsson, 1950, bls. 64). Vegurinn frá Miðhópi og til Þingeyra kallaðist Hagavegur. Hann lá norður fyrir túnið á Þingeyrum og út á Þingeyrasand (Örn H. Bjarnason, 2002, bls. 257). Frá Vatnsnesi var leið sem lá út með Nesbjörgum og yfir hjá Óskoti til Þingeyra með því að fara yfir Þingeyrasand. Til að komast út á sandinn þurfti að fara á vaði yfir Vaðhvamm sem er í Myrkubjörgum. Þarna þurfti að fara í fylgd staðkunnugra. Þegar komið var austur yfir Þingeyrasand var farið yfir Flatir og síðan yfir Húnavatn við Geirastaði á Geirastaðavaði. Annað vað var á Húnavatni en það var á leirunum gegnt Þingeyrum (Örn H. Bjarnason, 2002, bls. 257).

### Reynistaður (1295-1551)

Í lýsingu Gísla Konráðssonar á Reynistaðarprestakalli frá 1840 eru leiðum lýst þannig að vegur liggi norður og suður eftir Langholti og fram með Sæmundará að austan, allt á Stóra-Vatnsskarðs þjóðveg (Pálmi Hannesson o.fl., 1954). Þar er Reynistaður alveg í þjóðbraut en líklegt er að vegurinn hafi legið einnig þarna um á klausturtíma. Líklegt er að leiðin hjá Reynistað hafi verið þjóðbraut til og frá Hólum þegar fólk kom frá Suðurlandi. Héraðsvötnin hafa verið mikill farartálmi fyrir tíma brúa. Var farið yfir báðar kvíslar þeirra, sem liggja sitthvoru megin við Hegranesið, á vaði eða með ferju (Jón Eyþórsson, 1950).

### Möðruvellir (1296-1550)

Í sóknarlýsingu á Möðruvallaklausturkirkjusókn sem gerð var um 1854 af séra Jóni Jónssyni er lýst tveimur leiðum að Möðruvöllum. Hann segir að alfaravegur liggi að suðaustan um Moldhaugnaháls ofan hjá Tréstöðum og þar yfir Hörgá og síðan að Friðriksgáfu, sem amtmannsbústaðurinn á Möðruvöllum var kallaður. Hann brann 1874 og var byggt skólahús á sama stað sem reyndar brann líka árið 1902 (Orri Vésteinsson, 2001, bls. 27, 29). Fram í Myrkársókn lá alfaravegur frá Möðruvöllum fram hjá Dúnhaga (heitir núna Dunhagi) og Auðbrekku og fram hjá Skriðum (Magnús Kristinsson, 1972, bls. 114). Möðruvellir eru í leiðinni þegar ferðast er yfir í Hjaltadal í Skagafirði um Myrkárdal. Þeir Eggert Ólafsson og

Bjarni Pálsson segja frá ferð sinni 12. September 1752 þegar þeir leggja upp frá Myrká. Fjallvegur byrjar þar sem heitir Svínavegur. Fara þeir svo yfir jökul sem þeir segja að sé ekki gamall og ekki stór. Hann er á háfjallinu (Sigurjón Páll Ívarsson, 2007). Þessi leið mun vera Hjaltadalsheiði. Á korti Landmælinga Íslands má sjá leið sem liggur á milli Hörgárdals og Hjaltadals og er að hluta til sama leiðin og sú sem liggur úr Myrkárdal.

### Munkaþverá (1155-1550)

Munkaþverá hefur verið í alfararleið en hreppsvegurinn lá ofan með túni á Munkaþverá og yfir Þverá eftir að hún rennur fram úr gljúfrunum. „... Eitt aðalvaðið á Eyjafjarðará var Maríugerðisvað niðurundan Munkaþverá strax eftir að Þverá rennur í Eyjafjarðará að austan. Öll umferð um Maríugerðisvað fór um hlað á Munkaþverá“ (Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, 1996, bls. 96). Í sýslulýsingu frá 1839 sem B. H. Borgen gerði er sagt að leið liggja um Munkaþverá þar sem farið er yfir samnefnda á og inn í Saurbæjarhrepp. Þegar komið var að norðan var farið fram yfir hólmana við ósa Eyjafjarðará og yfir í Kaupangssveit. Svo var farið suður með ánni að austan fram með Staðarbyggðinni (Magnús Kristinsson, 1972, bls. 32).

### Saurbær í Eyjafirði (1200-1224)

Saurbær stendur sunnarlega í Eyjafirði. Má segja að staðurinn sé við þá leið sem farin var úr Eyjafirði suður um Sprengisand. Þessi vegur lá um Vatnahjalla sem er suður úr Eyjafjarðardal. Fyrsti bær sem komið var að á Suðurlandi var Haukadalur í Biskupstungum (Magnús Kristinsson, 1972, bls. 31)

## Niðurstöður

Leiðir hafa breyst víða svo gífurlega að sumir staðir virðast nokkuð úr leið og jafnvel afskekktir. Ef skoðaðar eru leiðir í kringum klausturstaðina kemur í ljós að margir þeirra hafa staðið við þjóðleiðir fyrri tíma þó það sé ekki augljóst í dag þegar vegir liggja á allt öðrum stöðum. Í umdæmi Skálholtsbiskups virðast allflestir klausturstaðirnir við eða nálægt alfararleið. Bæði Keldur og Skriðuklaustur eru við leiðir sem farnar voru milli Suðurlands og Austurland. Þykkvabæjar- og Kirkjubæjarklaustur voru nálægt vöðum yfir árnar ef fólk var á leið um Suðausturland. Ólíku máli gegnir um Viðey en það klaustrið hefur væntanlega staðið nálægt

lendingarstað ef það hefur staðið þar sem talið er, eða nálægt Viðeyjarstofu. Klausturstaðirnir á Vesturlandi eru ekki augljóslega í alfararleið nema þá innan sinnar sveitar. Þó er helst að Hítardalur sé í þjóðleið en þar um lá leiðin yfir í Dalina við Breiðafjörð. Bæði Bær og Helgafell eru við leið sem var ein af fleiri leiðum um sveitina á þeim tíma.

Klausturstaðirnir í Hólabiskupsdæmi eru líkt og flestir staðir í Skálholtsdæmi þar sem alfararleið lá áður fyrr en gerir ekki lengur. Þingeyrar, Möðruvellir og Munkaþverá standa þar sem farið var um og tengjast þær leiðir beint árvöðum. Ekki er eins ljóst hvort Reynistaður sé beint tengdur þjóðleið eða alfararleið, en hann stendur þó nálægt vöðum yfir vestari kvísl Héraðsvatna.

Erfitt er að fullyrða um þjóðleiðir en heimildir um þær ná ekki svo langt aftur og voru flestar þær sem notaðar voru í athugun þessari frá 18. og 19. öld. Má segja að athugun þessi hafi leitt í ljós að flestir staðirnir þar sem miðaldaklaustrin stóðu hafi staðið við leiðir sem kalla má þjóðleiðir. Það er út af fyrir sig merk niðurstaða þar sem sumir þeirra eru langt í frá við alfararleiðir í dag.

## Heimildir

- Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. (1996). *Fornleifaskráning í Eyjafirði V: Fornleifar á syðstu jörðum í Öngulsstaðahreppi og milli Hrafnagils og Grundar í Hrafnagilshreppi*. Akureyri: Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands.
- Árni Böðvarsson. (1968). *Rangárvallasýsla*. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags, 1839-1845, 1856 og 1872-1873. Reykjavík: Rangæingafélagið í Reykjavík.
- Árni Magnússon. (1955). *Choreographica Islandica. Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta annar flokkur, I. 2*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Ásgeir Ásgeirsson og Ólafur Ásgeirsson. (1992). *Saga Stykkishólms. Kauphöfn og verslunarstaður 1596-1845*. Stykkishólmur: Stykkishólmsbær.
- Bjarni Guðnason (sá um útgáfunu). (1957). *Sýslulýsingar 1744-1749*. Reykjavík: Sögufélag.
- Jón Eyþórsson (bjó til prentunar). (1950). Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. I Húnavatnssýsla. *Safn til Landfræðisögu Íslands*. Jón Eyþórsson bjó til prentunar. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.
- Pálmi Hannesson og Jakob Benediktsson (bjuggu til prentunar). (1954). Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. II Skagafjarðarsýsla. *Safn til sögu Landfræðisögu Íslands*. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.
- Ebenezer Henderson. (1957). *Ferðabók*. Snæbjörn Jónsson þýddi. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson & co.
- Eggert Ólafsson a. (1981). *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi 1752-1757. 1. Bindi*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.
- Eggert Ólafsson b. (1981). *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi 1752-1757. 2. Bindi*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.
- Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson. 2007. *Dagbók frá ferð um Skagafjarðarsýslu 1752 og 1753*. Sigurjón Páll Ívarsson bjó til prentunar. Reykjavík: Sigurjón Páll Ívarsson
- Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson (sáu um útgáfu). (2000). *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Reykjavík: Sögufélag: Örnefnastofnun Íslands.
- Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir (ritstj.). (2005). *Mýra- og Borgarfjarðarsýslur: sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873*. Reykjavík: Sögufélag: Örnefnastofnun Íslands.
- Helgi Björnsson. (2009). *Jöklar á Íslandi*. Reykjavík: Opna.
- Helgi Þorláksson. (1989). *Gamlar götur og goðavald: um fornar leiðir og völd Oddaverja í Rangárhingi*. Reykjavík : Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands 1989
- Lilja Magnúsdóttir. (2012). *Landbrot og Meðalland*. Dagsferð á bíl sem hefst og endar á Kirkjubæjarklaustri. Slóð sótt 6.8.2015:  
[http://www.kirkjubaer.com/upload/Landbrot%20og%20Me%C3%B0alland\\_lok\\_lok.pdf](http://www.kirkjubaer.com/upload/Landbrot%20og%20Me%C3%B0alland_lok_lok.pdf)

- Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson (ritstj.). (1997). *Skaftafellssýsla*. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. Reykjavík: Sögufélag.
- Konrad Maurer. (1997). *Íslandsferð 1858*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Landmælingar Íslands. (2015). *LMI Atlaskort*, fengið af Kortasjá: <http://atlas.lmi.is/kortasja/>
- Orri Vésteinsson. (2001). *Möðruvellir í Hörgárdal. Fornleifakönnun*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Steinunn Kristjánsdóttir og Gísli Kristjánsson (2010). Skreiðin á Skriðu. Um tengsl milli Skriðuklaustur og Suðursveitar á 16. öld. *SAGA XLIX*:2, 94–108.
- Sturlunga saga II*. (1946). Jón Jóhannesson o.fl. sáu um útgáfuna. Reykjavík: Sturlungaútgáfan.
- Svavar Sigmundsson. (2012). *Íslensk samheitaorðabók*. Vefútgáfa: <https://snara.is/>
- Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson (ritstj.). (1970). *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. Snæfellsnes III*. Reykjavík: Snæfellingaútgáfan.
- Þorleifur Jóhannesson. (1925-26). Um nokkur eyðibýli og sögustaði í Helgafellssveit. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1925-26*, 39. árg., bls. 43-48.
- Þórður Tómasson. (2011). *Svipast um á sögu slóðum*. Reykjavík: Skrudda.
- Örn H. Bjarnason. (2002). Gamlar götur í Vestur-Húnavatnssýslu. *Heima er best*, 52 (6), bls. 254-257, 280.

## Myndaskrá

- Mynd 1. Kort sem sýnir gömlu þjóðleiðina (brotalínur) yfir árnar milli Þykkvabæjarklausturs og Efri-Eyjar í Meðallandi (Landmælingar Íslands, 2015)
- Mynd 2. Leiðir um Keldur á 13. öld (Helgi Þorláksson, 1989, bls. 99)